

A 1833/velfærd

Flytjandi	Norrænt frelsi
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

**Þingmannatillaga
um merkingar á dýrallyfjum með blindralettri****Tillaga**

Norrænt frelsi leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að þær vinni að því að hefja samráð við starfsgreinasamtök fyrirtækja sem markaðssetja og selja dýrallyf um að innleiða valfrjálsa merkingu á umbúðum dýrallyfja með blindralettri svo að blindir og sjónskertir geti greint innihald þeirra

að þær hefji í sameiningu samráð við framkvæmdastjórn ESB með það fyrir augum að hvetja hana til að leggja fram tillögu um breytingar á tilskipun 2019/6 svo að hægt verði að gera kröfu um merkingu dýrallyfja með blindralettri

Samkvæmt gildandi reglum ESB er skylda að merkja lyf fyrir menn með blindralettri en reglur ESB koma í veg fyrir skyldubundna merkingu dýrallyfja með blindralettri.

Bakgrunnur

Eins og er verða blindir og sjónskertir fyrir óréttlæt看legri mismunun þar sem þeir geta ekki keypt dýrallyf án aðstoðar. Það þýðir til dæmis að þeir sem reiða sig á blindrahund geta ekki lesið leiðbeiningar um lyfjagjöf og -notkun eða upplýsingar um innihald og styrkleika sem er að finna á lyfjaumbúðum.

Norrænt frelsi telur þessa mismunun stríða gegn t.a.m. 1. gr. Sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi sem hljóðar svo: „Mannleg reisn er friðhelg. Skyld er að virða hana og vernda.“ Í skýringu kemur fram að „viðurkenning þess að allir séu jafnbornir til virðingar og óafsalanlegra réttinda er undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum“.

Enn fremur vísar Norrænt frelsi til 26. gr. sama sáttmála um aðlögun fatlaðra að samfélaginu þar sem segir: „Sambandið viðurkennir og virðir rétt fatlaðra til að njóta góðs af ráðstöfunum sem ætlað er að tryggja þeim sjálfstæði, þátttöku í félags- og atvinnulífi og í samfélaginu.“



Merking dýrallyfja með blindralettri mun einmitt stuðla að því að tryggja bæði sjálfsforræði og reisu blindra og sjónskertra og gera þeim kleift að kaupa dýrallyf án aðstoðar og þar með tryggja sjálfstæði þeirra gagnvart þeim sem sjá.

Á grundvelli þessa kallar Norrænt frelsi í fyrstu atrennu eftir því að ríkisstjórnir Norðurlanda vinni að því að koma á valfrjálsu kerfi um leið og hafið er samráð við framkvæmdastjórn ESB um að tryggja að blindir og sjónskertir verði ekki fyrir mismunun að óþörfu.

Stokkhólmi, 29. október 2019

Angelika Bengtsson (SD)
Aron Emilsson (SD)
Kaisa Juuso (saf)
Liselott Blixt (DF)

Lulu Ranne (saf)
Paula Bieler (SD)
Riikka Purra (saf)
Vilhelm Junnila (saf)